



Akraneskaupstaður  
B.t. Steinar Adolfsson  
Dalbraut 4  
300 Akranes

6. maí 2025  
202409729

### Efni: Tilkynning um tilnefningu tímabundins eftirlitsmanns

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) hefur verið með til skoðunar málefni Leigufélagsins Brúar hses., kt. 690323-1840. Um er að ræða stofnframlög sem veitt voru vegna byggingar 6 íbúða við Tjarnarskóga 15 (nú Skógarlund 42) á Akranesi. Á fundi HMS með Leigufélaginu Brú hses. sem haldinn var 16. janúar sl. kom fram að félagið hafi ákveðið að bíða með frekari framkvæmdir þar til leyst yrði úr hvernig mögulegt væri að fjármagna frekari framkvæmdir vegna byggingarverkefnisins.

Með bréfi, dags. 26. mars sl., beitti HMS eftirlitsheimildum sem stofnunin hefur skv. 1. og 4. mgr. 23. gr. laga um almennar íbúðir nr. 52/2016 og beindi þeim tilmælum til Leigufélagsins Brúar hses. um að leggja fram raunhæfa áætlun um hvernig sjálfseignarstofnunin hyggðist ljúka við framkvæmdir og fjármögnun íbúðanna við Skógarlund 42 og í framhaldinu standa við skuldbindingar sínar skv. lögum um almennar íbúðir. Frestur til úrbóta var veittur til 2. apríl sl. og hefur Leigufélagið Brú hses. ekki brugðist við bréfinu.

Í 23. gr. laga um almennar íbúðir nr. 52/2016 segir að ef ekki er farið að fyrirmælum HMS er stofnuninni heimilt að tilnefna tímabundinn eftirlitsmann með íbúðunum og skal hann fylgjast með rekstri þeirra og veita leiðbeiningar um það sem betur má fara.

Það upplýsist hér með að HMS hefur ákveðið að skipa tímabundinn eftirlitsmann með rekstri Leigufélagsins Brúar hses. en bréf þess efnis var sent til sjálfseignarstofnunarinnar 5. maí sl. Fari eigandi íbúðanna ekki að tilmælum eftirlitsmanns og hann telur fullreynt að koma rekstri eigandans í viðunandi horf skal HMS krefjast skipta á búi eigandans.

Virðingarfyllst,  
f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar,

**HMS** Húsnæðis- og  
mannvirkjastofnun  
Ragnhildur Sif Hafstein  
Kt. 250585-2849

Ragnhildur Sif Hafstein, lögfræðingur húsnæðissviðs